

8. gr.

Sá hluti barnabóta sem er ógreiddur 1. júlí 1990 skal hækka sem samsvarar hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun sem er á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember 1989 og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní 1990.

9. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum öðlast gildi 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. nóvember 1989 til 31. janúar 1990. Einnig staðfestist að reiknað verði eitt verðtímabil frá 15. júlí 1989 til 31. janúar 1990.

Með skírskotun til laga nr. 72, 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. nóvember 1989 til 31. janúar 1990. Einnig staðfestist að reiknað verði eitt verðtímabil frá 15. júlí 1989 til 31. janúar 1990.

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur	SDR pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	2,90
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,69
Hálfhreinsaður	1,32
Rauður og brotinn	1,63

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. október 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.